

Fundarstjóri

Ágætu félagar

Í stjórn Fræðslusjóðs sitja þrjú félagar, ég Sigurjón Pétur Guðmundsson formaður og er skipaður af stjórn FOSS, Hrefna María Hagbarðsdóttir, starfsmaður Árborgar og Alma Sigurjónsdóttir, starfsmaður fjölbrautaskóla Suðurlands. Einnig starfar Raket Þórðardóttir starfsmaður félagsins með nefndinni.

Á sl. starfsári voru 299 umsóknir til 110 einstaklinga sem fengu úthlutað úr sjóðnum en samtals voru greiddar rúmlega 20 milljón króna úr sjóðnum.

Þessar umsóknir segja okkur að tæplega 10% félagsmanna hafi fengið greitt úr sjóðnum. Þetta hlutfall hefur hækka frá því í fyrra. En á sóttu tæplega 8% félagsfólks um styrk úr fræðslusjóðnum.

Flestar umsóknir eru vegna háskólanám og styrki vegna ýmissa námskeiða. En auk þess eru félagsmenn sem eru með íslensku sem annað tungumál eru dugleg að sækja um styrk fyrir íslenskunámi sínu. Á síðasta ári samþykkti stjórn FOSS að styrkja tímabundið náms- og kynnisferðir vinnustaða sveitafélaganna. Voru greiddir út 42 slíkir styrkir samtals 6,3 milljónir. En Mannauðssjóðurinn hefur tekið aftur til starfa og tekur við umsóknum vegna þessara ferða í framtíðinni.

Endurmenntun stjórnar og trúnaðarmanna FOSS heyrir einnig undir sjóðinn og höfum við nýtt þetta ár í nokkur námskeið.

Nefndin fundar tvisvar á ári. Nám eða námskeið sem tengist starfssviði félagsmanna er greitt samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins án þess að fara fyrir fund. Aðrar umsóknir fara fyrir nefndina og eru greiddar tvisvar sinnum á ári í júní og desember. Ekki er greitt úr sjóðnum í júlí og ágúst.

Styrkupp hæð og úthlutunarreglur sjóðsins eru endurskoðaðar einu sinni á ári.

Fyrir þá sem vilja kynna sér úthlutunarreglurnar nánar þá má finna þær inná heimasíðu félagsins

Takk fyrir mig.